

Fundur í skólaráði mánudaginn 6. desember kl.15.

Mætt: Sunna Þórveig Guðjónsdóttir og Freyja Dögg Ágústudóttir nemendur, Valdís Jónsdóttir og Sveinbjörg Smáradóttir foreldrar, Þorbjörg Otta Jónasdóttir og Ingibjörg Björnsdóttir kennarar. H.Hrefna Sævarsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Einar Gauti Helgason frá Hverfisnefnd, Eyrún Skúladóttir skólastjóri og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Framkvæmdir við Glerárskóla næstu ár

Nú er á áætlun að framkvæmdir við A-álmu hefjist í vor. Fjárhagsáætlun Ak. bæjar ekki samþykkt fyrir en 14. des. ekki er gert ráð fyrir að eitthvað breytist þar. Nú þegar er hafin undirbúningsvinna og útboð væntanlega í mars. Mjög ánægjulegt og jákvætt. Vinna að innra skipulagi skólans vegna endurbóta á húsnæði næsta vetur hefst á nýju ári. ES mun koma með teikningar til umsagnar á fund skólaráðs. Um leið og A-álma verður tilbúin verður hægt að fara í skólalóðina. Öll hönnun á því sem er eftir við skólann verður unnin samhliða.

2. Ferli vegna ofbeldisfullrar hegðunar

Skólastjórnendur á Akureyri hafa undanfarið unnið að verklagi vegna ofbeldishegðunar nemenda. Þar er farið yfir hvernig eigi að bregðast við þegar nemandi sýnir ofbeldisfulla hegðun. Farið var yfir þetta verklag á fundinum og fólki boðið að koma með athugasemdir. Einar Gauti spurði hvort þetta hafi einhverja fyrirmynd. ES sagði svo vera en fáir skólar farnir af stað. Það munar öllu að hafa skráningarblað og að það skipti máli að hafa allt skráð. Valdís spurði hvort ekki þurfi líka að benda á að ræða við nemendur og bekkir þegar eitthvað kemur upp á. Þarf kannski að skýra betur hvað felst í lausnaleit og sáttaferli? Spurt um viðbragðsáætlun gagnvart þolendum. Kemur seinna.

3. Símenntunaráætlun Glerárskóla

Búið að leggja drög að símenntunaráætlun fyrir kennara. Áætlunin þarf að vera tilbúin fyrir janúar ár hvert. Kennurum og foreldrum líst vel á.

Sveinbjörg spyr hvort rætt hafi verið í tengslum við umhverfisfræðslu hræðsla nemenda við þá umræðu. ES segir að það hafi ekki borið mikið á því. Sveinbjörg talar um að það væri áhugavert að fylgjast með hvað áhrif umræðu um umhverfismál er að hafa á börnin. Sunna og Freyja segja það mjög misjafnt hvernig nemendum líður gagnvart umhverfisumræðu. Þorbjörg Otta talar um að yngri nemendur hafa áhyggjur af að eldri nemendur kunni ekki að flokka. Þeim finnst eldri nemendur ekki vera góðar fyrirmyndir.

Freyja talar um að margir hendi rusli í dalla á klósettum í stað þess að taka það með heim. Þorbjörg Otta benti á að við séum að senda börnin með dollur og annað undan nesti.

4. Heilsueflandi skóli

Í tengslum við Grænfánann hefur Glerárskóli unnið að lýðheilsu. Akureyrarbær setti sér það markmið fyrir einhverjum árum að vera heilsueflandi bæjarfélag og þrýst er á skólana að verða heilsueflandi skóla.

Við þurfum fljótlega að taka afstöðu til þess hvert við stefnum í þessum málum. ES bað skólaráð að kynna sér efni um heilsueflandi grunnskóla á heimasíðu landlæknis.

5. Fjáröflun 10. bekkjar og fréttir frá Nemendaráði

Fjáröflun í 10. bekk gengur vel, pizzadeig, lakkrís, útburður á safnaðarblaði, skólapeysur og fleira hafa tengst fjáröflun á fyrri önn og eftir áramót verður páskabingó og aftur pizzudeigssala.

Fjárhagsstaðan góð.

Freyja sagði ekki mikið að fréttu frá nemendaráði. Þurft hefur að fella niður atburði en Rósaballið gekk mjög. Jólapeysu/húfu/sokkadagur er í næstu viku. Yngri nemendur í ráðinu eru virkir og eru óhrædd við að segja hvað þeim finnst og hvað þau vilja.

6. Fundartímar á vorönn

Fundartafla komin fyrir vorönn. Fyrsti fundur skólaráðs er 31. janúar kl.15. Annar fundur 28. feb., þriðji fundur 28. mars. Seinasti fundurinn verður 23. maí. Engin fundur í apríl vegna árshátíðar og páska.

7. Annað

Spurt er um Covid stöðuna. Hún er ágæt, þrír nemendur í sóttkví. Beðið eftir nýjum sóttvarnarreglum sem koma á miðvikudag. Ekki hægt að hafa söngsal né dans í kringum jólatré á litlu jólum ef engar breytingar verða.

Einar kom með eina athugasemd vegna starfsáætlunar. ES lagar það.

Spurt um nýjan matrád og matseldina. Flestir ánægðir með matinn. Reynt er að gera matseðlana gegnsæja þannig að allir viti innihald matarins, lýsandi matseðill.